

Reykjavík, 6. október 2014

UB: 1409/4.1.1

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál**

Við er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað er eftir umsögnum við ofangreinda tillögu.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að efla heilbrigðisþjónustu, menntakerfið og velferðarþjónustu og fagnar því ofangreindri tillögu. Hann tekur undir þau sjónarmið sem birtast í greinargerðinni með tillögunni um að það þurfi að greina hvernig best er að forgangsráða fjármunum á næstu árum. Við þá vinnu þarf að huga sérstaklega að réttindum og hagsmunum barna. Má í því sambandi minna á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga hagsmunir barna ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna